



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 21/2019

Útsala hjá ILVU

I.

Málsmeðferð

1.

Í kjölfar ábendinga frá neytendum vegna útsölu hjá ILVU ehf. var félaginu sent bréf Neytendastofu, dags. 13. febrúar 2019. Í bréfinu kemur fram að Neytendastofa hafi borist ábending þar sem kvartað væri yfir því að útsala hjá ILVU hafi staðið yfir í meira en sex vikur.

Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 2. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Óskaði Neytendastofa eftir skýringum eða athugasemdum ILVU vegna þessa og þá sérstaklega eftir skýringum á því á hvaða tíma vörur hafi verið auglýstar á lækkuðu verði.

Ekkert svar barst Neytendastofu.

Með bréfi Neytendastofu til ILVU, dags. 5. mars 2019, var erindi stofnunarinnar frá 13. febrúar 2019 ítrekað og óskað eftir skýringum eða athugasemdum á ný.

2.

Svar ILVU barst með bréfi, dags. 7. mars 2019. Í bréfinu kemur fram að félagið staðfesti að umrædd útsala hafi staðið yfir í lengri tíma en lög gera ráð fyrir eða frá 22. desember 2018 til 10 febrúar 2019. Á meðan útsölunni stóð hafi útsöluverð lækkað jafnt og þétt til síðasta dags. Einnig hafi það haft áhrif að útsala ILVA í Danmörku hafi staðið yfir í svipaðan tíma en að líklega gildi önnur lög þar. Fram kemur að félagið elti markaðsefni ILVU í Danmörku í hvívetna en hafi þó passað sig á þessu hingað til. Félagið muni framvegis halda sig við sex vikna tímamörkin.



II. Niðurstaða

1.

Mál þetta var tekið upp í tilefni ábendingar sem Neytendastofu barst um að útsala á vegum ILVU hafi staðið yfir í lengri tíma en sex vikur. Í svari félagsins kemur fram að félagið staðfesti að umrædd útsala hafi staðið yfir í lengri tíma en lög gera ráð fyrir eða frá 22. desember 2018 til 10. febrúar 2019. Á meðan útsöluinni stóð hafi útsöluverð lækkað jafnt og þétt til síðasta dags. Félagið muni framvegis halda sig við sex vikna tímamörkin.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í d. lið segir:

„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.“

Ákvæði 11. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“



Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að neytendur séu blekkir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur.

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í 2. gr. reglnanna segir:

„Í auglýsingum sem og á sölustað, þ.m.t. netverslun, skal tekið skýrt fram hvaða vörur eða þjónusta er seld á lækkuðu verði. Þegar vara eða þjónusta hefur verið seld á lækkuðu verði í sex vikur skal lækkað verð vera venjulegt verð.“

3.

Tilgangur ofangreindra ákvæða er að koma í veg fyrir að neytendum séu veittar rangar eða villandi upplýsingar um verðlækkunir. Ákvæðin taka til verðlækkana í hvaða formi sem þær eru, þó með þeirri undantekningu þegar seljendur gera almenna verðbreytingu án þess að kynnt sé sérstaklega að um tiltekið verðhagræði sé að ræða. Þannig er ákvæðunum ætlað að tryggja að um verðlækkun sé að ræða sem felur í sér raunverulegt verðhagræði fyrir neytendur. Litið er svo á að þegar verðlækkun hefur staðið í sex vikur sé ekki lengur um sérstakt verðhagræði að ræða heldur telst hið lækkaða verð vera orðið almennt verð vörunnar. Þannig gera lög og reglur, sem verðlækkun varðar, ekki kröfu um að verð vöru sé hækkað að sex vikum liðnum en gerð er krafa um að látið sé af því að verðlækkunin sé markaðssett sem slík.

Í svari ILVU kemur fram að félagið viðurkenni að umrædd útsala hafi staðið yfir lengur en í sex vikur, eða frá 22. desember 2018 til 10. febrúar 2019. Er því óumdeilt að umrædd útsala hafi verið auglýst lengur en heimilt er. Samkvæmt öllu framangreindu hefur ILVA ehf. brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, sem og ákvæði 2. gr. reglna nr. 366/2008, með því að auglýsa lækkað verð í meira en sex vikur.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna ILVU að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

III.

Ákvörðunarorð:

„ILVA ehf., Blikastaðavegi 2-8, Reykjavík, hefur með því að auglýsa útsölu í meira en sex vikur, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 2. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.



Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er ILVU ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við móttöku ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 10. maí 2019

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir